



3. Framboðið

3. framboðið gengur fram af fullum krafti til sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Hornafirði þann 26. maí 2018.

3. framboðið er óháð framboð skipað fólki með fjölbreyttar skoðanir sem á það sameiginlegt að vilja sjá hér öflugt samfélag til framtíðar.

Síðustu fjögur ár höfum við starfað í meirihluta sveitarstjórnar og unnið að mörgum góðum málum sem voru á stefnuskrá okkar árið 2014. Má þar meðal annars nefna: sameiningu leikskóla, mótuð hefur verið heildstæð stefna í skipulags-, ferða- og velferðarmálum, jákvæða íbúapróun og markvissa uppbyggingu á lóðaframboði. Gróskumikil starfsemi er í Vöruhúsinu og vinna er hafin við veg yfir Hornafjarðarfljót.

Með jákvæðni, kraft og metnað að leiðarljósi höfum við áhuga á að starfa áfram í sveitarstjórn.

Framtíðin er björt og allir vegir færir.



Stjórnsýsla



Öflug þjónusta við íbúa, eflum íbúalýðræði

Nýverið samþykkti bæjarráð að gerð skuli stjórnsýsluúttekt á starfsemi sveitarfélagsins. Mikið hefur verið rætt um álag á mörgum starfsstöðvum sveitarfélagsins. Þess vegna eru miklar vonir bundnar við þessa úttekt. Mikilvægt er að rýna vel í niðurstöðurnar og bregðast við út frá þeim, ráða í stöður ef það verður niðurstaðan.

Þjónustu sveitarfélagsins á að mæla reglulega með margvíslegum könnunum. Þannig er betur hægt að bregðast við ef eitthvað bjátar á eða aflaga fer.

Til að efla íbúalýðræði hafa verið gerðar heiðarlegar tilraunir á nýrri heimasíðu. Sem dæmi má nefna „Spurningu mánaðarins“. Við sjáum að það er hægt að gera betur og nýta heimasíðuna meira við að efla íbúalýðræði.



Notum samskipti nútímans í stjórnsýslu

Þegar við treystum okkur til að sameina sveitarfélög til austurs og vesturs, þá ætti ekki að vera mikið mál að nýta nútíma tækni til að halda úti stjórnsýslunni. Við þurfum að gera miklu betur heldur en við höfum gert. Við viljum notast við fjarfundabúnað, s.s. myndsímtöl eða netsímtöl til að auðvelda öllum íbúum sveitarfélagsins að taka þátt t.d. í nefndarfundum eða opnum fundum.

Atvinnumál



Nýtum tækifærin sem nándin við þjóðgarðinn býður upp á

Fólki finnst eftirsóknarvert að koma í þjóðgarða - m.a. til að komast í nánd við ósnerta náttúru, til að fræðast, vinna að rannsóknum, gleðja og göfga andann. Vatnajökulsþjóðgarður er um margt einstakur: ís - eldvirkni - háhitasvæði og stórkostlegt landslag. Í samvinnu við gestastofur þjóðgarðsins er mikilvægt að kynna þá möguleika sem þjóðgarðurinn býður upp á fyrir íbúana á nærsvæðunum, þar eru fjölbreyttir útivistarmöguleikar sem við hvetjum sem flesta til að nýta sér.

Það er endalaust hægt að finna leiðir til tengja starfsemi fyrirtækja ef vilji er til staðar, t.d. með því að bjóða upp á veitingar úr héraði, gæðaferðir og þjónustu. Mikil samlegðaráhrif eru af nándinni við þjóðgarðinn – en störf í ferðaþjónustu eru í dag á milli 500 - 600 talsins í sveitarfélaginu.



Aukum fjölbreytni í atvinnulífinu

Fjölbreytt atvinnulíf er forsenda öflugrar búsetu og því er mikilvægt að styrkja frumkvöðla og smáfyrirtæki. Þá er ekki síður mikilvægt að hlúa að og styrkja gamalgróna atvinnuvegi eins og landbúnað og sjávarútveg, meðal annars með því að standa vörð um innsiglinguna og þar með talin Grynnslin.

Við viljum:

- Efla Nýheima þekkingarsetur, styðja við starf teymanna þar
- Tryggja veru atvinnuráðgjafa á svæðinu
- Greiða aðgengi að styrkjakerfi, t.d. í gegnum aðild að SASS
- Þróa vörur í landbúnaði og sjávarútvegi
- Vinna að því að höfuðstöðvar Vatnajökulsþjóðgarðs eða nýrrar Þjóðgarðastofnunar verði staðsettar í Sveitarfélaginu Hornafirði
- Standa vörð um þekkingarstörf sem eru þegar til staðar og styrkja þekkingar- og menntasamfélagið enn frekar
- Vinna að uppbyggingu og kynningu á svæðinu sem áfangastað fyrir ferðamenn



3.Framboðið

Betra netsamband fyrir Höfn og Lón

Nú í sumar verður lagður ljósleiðari í Nes og á Mýrar. Þá verða allar sveitirnar, nema Lón og þéttbýlið á Höfn komnar með ljósleiðara.

Á Höfn eru margir með svokallað ljósnet, en alls ekki allir. Við viljum finna leiðir til að bæta úr þessu á kjörtímabilinu, bæði fyrir Lón og Höfn.

Rætt hefur verið um að færa örbylgjunetið sem er núna á Mýrum, í Lónið.

Menningarmál



3.Framboðið

Komum upp fjölnota menningarhúsi á Höfn fyrir sviðslistir og sýningar

FAS, Grunnskóla Hornafjarðar og Leikfélag Hornafjarðar dreymir um svokallað Black-Box. Það er einfalt en fullkomið rými til að setja upp ýmis konar listviðburði, nýta til kvikmyndagerðar o.fl. Eftir að fimleikarnir fóru inn í Mánagarð, þá hefur þörfin fyrir svona rými komið berlega í ljós. Vöntun hefur verið á sýningarrými fyrir safnkost byggðasafnsins. Sömuleiðis hefur verið mikið rætt um hvað gera skuli með Jökulheima.



3.Framboðið

Vinum að framkvæmd menningarstefnu

Við viljum:

- Byggja/útvega nýtt sýningarhúsnæði fyrir söfnin
- Efla menningarstarf í Sveitarfélaginu Hornafirði
- Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins, varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu
- Halda áfram með að byggja upp Miklagarð og leigja hann út til ýmissa nota á meðan framkvæmdir standa yfir. Einnig þarf að skilgreina framtíðaráform fyrir húsið
- Stuðla að öflugu menningar- og félagsstarfi fyrir ungt fólk (annars vegar fyrir unglinga, einnig aldurshópin upp í 25 ára) í samráði við Ungmennaráð
- Ljúka endurbótum á Sindrabæ og Vöruhúsi

Fræðslu- og tómstundamál



Árið 2015 lét Fræðslu- og tómstundanevnd gera greiningu á þörf fyrir íþróttamannvirki. Þar kom út að bæta þyrfti við a.m.k. þremur mannvirkjum; vallarhúsi, nýju íþróttahúsi og millibyggingu með aðstöðu fyrir líkamsrækt. Millibygging er í raun tvær hugmyndir, þ.e. bygging milli sundlaugar og núverandi íþróttahúss, á einni eða tveimur hæðum sem gæti hýst líkamsræktartækin (sem sveitarfélagið á) og gæti verið með sal fyrir kennda tíma, jóga o.fl. Næstu tvö árin er í gildi leigusamningur um að Sporthöllin verði þar sem hún er, í húsnæðinu við Álaleiruna. Við í 3. framboðinu teljum það forgangsmál að koma líkamsræktaraðstöðu í varanlegt húsnæði að undangenginni hönnun á íþróttasvæði.

Nýtt íþróttahús er ekki hugsað með blautrými (sturtur og búningsklefa) heldur að það myndi samnýtast með sundlaug og því sem fyrir er. Sambærilegt hús sem að Haukar í Hafnarfirði eru að byggja kostar tæpar 700 milljónir.



Lokið var við menntastefnu sveitarfélagsins þann 16. nóvember 2016. Þar var lögð áhersla á að tengja saman menntun frá leikskóla til framhaldsfræðslu og háskóla. Öll menntun er mikilvæg sama hvort hún er bókleg eða verkleg og einnig viljum við gefa fólki á öllum aldri tækifæri á að mennta sig t.d. samhliða vinnu. Skóli er vinna og vinna er skóli. Allt tengist þetta og viljum við efla tengsl skólanna við atvinnulífið eins og mögulegt er.



Við viljum:

- Auka virðingu fyrir hvers kyns formlegu og óformlegu námi
- Fjölga tækifærum og hvetja íbúa til að efla menntun sína
- Auðvelda aðgengi að námi í samstarfi við skóla, atvinnulíf, nærsamfélag, tómstundastarf og íbúana sjálfa
- Gera nám sýnilegt og nýta það til uppbyggingar og þróunar samfélagsins



Velferðarmál



Bygging hjúkrunarheimilis

Allt þetta kjörtímabil (og mun lengur) hefur verið unnið markvisst að því að undirbúa allt sem mögulega hefur verið hægt að gera, sbr. skipulag og frumhönnun húss til að hægt væri að hefja byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Allir fundir með ráðamönnum, þingmönnum og ráðuneytisfólki hafa á einn eða annan hátt miðað að því að berjast fyrir þessu. Nú hefur verið undirritaður samningur við ríkið um byggingu á hjúkrunarheimili með 30 plássum.

Hönnunin gerir ráð fyrir að nýtt hús muni kosta 1300 - 1500 milljónir króna. Þar af mun ríkið borga 850 milljónir. Kostnaður sveitarfélagsins mun því nema um 500 - 600 milljónum króna. Ríkið greiðir 85% af fjármögnun við sjálf hjúkrunarrými, en rými eins og kapella og líkhús eru alfarið á kostnað sveitarfélagsins.

Í fjárhagsáætlun 2018 setti bæjarstjórn 150 milljónir til þess að fara af stað með þetta brýna verkefni. Í þriggja ára áætlun eru settar 150 milljónir á ári í þetta verk. Um þetta er mikil samstaða í bæjarstjórn og vonandi mun ný bæjarstjórn hafa þetta algjört forgangsmál næstu fjögur ár.



Þjónusta í sveitum

Við viljum finna leiðir til að þjónusta eldri borgara og aðra sem þurfa þjónustu til sveita. Heimsending á heitum mat, heimsendingum úr Nettó, skuti í félagsstarf eða bifreiðastyrkur fyrir þá sem ennþá keyra og eiga bíl. Við viljum að samtal um þjónustuþörf eldri borgara í sveit og þéttbýli sé endurtekið reglulega og að fundnar verði einstaklingsmiðaðar lausnir.



Stuðlum að góðri lýðheilsu og lífsgæðum

Undanfarin ár hefur heyrst æ oftast að fólk á öllum aldri þjáist af kvíða og fleiri sálrænum kvillum. Við leggjum áherslu á að efla forvarnir til að allir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Þar er fræðsla mikilvæg t.d. um lýðheilsu og kynvitund. Á þann hátt má draga úr líkum á að vímuefni verði valin sem lausn á vanda. Sérstaklega viljum við takast á við kvíða.

Því viljum við fá sálfræðing til að halda námskeið í kvíðastjórnun:

- Fyrir starfsfólk sveitarfélagsins
- Fyrir skólana, skipt upp í aldurshópa, gjarnan ítarlegra fyrir unglíngastig og framhaldsskólastig
- Fyrir eldri borgara
- Fyrir nýbúa og námskeið færi þá fram á ensku
- Opið námskeið þar sem allir geta skráð sig til þátttöku

Við viljum stuðla að sem bestu aðgengi fyrir sérfræðiþjónustu heima í héraði.



Skipulagsmál



3.Framboðið

Stuðlum að jákvæðri íbúapróun með stuðningi við húsbyggjendur

Á kjörtímabilinu tók bæjarstjórn þá ákvörðun um að „gefa“ íbúðalóðir á Leirusvæðinu undir nýbyggingar. Það hefur skilað góðum árangri, nokkur einbýlis- og raðhús eru risin og brátt verður flutt inn í tvær blokkir.

Styðja þarf sérstaklega við þá sem eru að byggja sér sína fyrstu íbúð með fjárstuðningi, t.d. andvirði lóðarverðs. Það getum við líka gert í dreifbýlinu.

Leigufélag var stofnað í samvinnu við verktaka og með stuðningi stjórnvalda. Nú hillir í aukin stuðning frá stjórnvöldum í gegnum nýtt frumvarp. Við viljum nýta það fjármagn til að byggja fleiri íbúðir í sveitarfélaginu sem auðveldar fólki að flytja til okkar, án þess að skuldbinda sig strax í íbúðakaup.



3.Framboðið

Litlar leiguíbúðir fyrir ungt fólk

Skipulagsnefnd lét breyta 2 - 3 lóðum í deiluskipulagi á Leirunni þannig að hægt væri að byggja minni íbúðir, svokölluð „Tiny houses“. Þetta eru 30 - 46 fermetra íbúðir.

Hugmyndin er að láta nýstofnað leigufélag byggja svona hús, til útleigu fyrir ungt fólk og áhugasama einstaklinga sem vilja máta sig við okkar góða samfélag.

Þetta á líka við um lóðir í Nesjum, í Holti, við Hrollaugsstaði og við Hofgarð.



3.Framboðið

Átak með smærri íbúðir fyrir 60+

Í deiliskipulagi HSSA, sunnan við Skjólgarð og nýbyggingu þar, eru níu lóðir. „Bestu lóðir bæjarins“. Við viljum finna leið til að koma upp litlum íbúðum á þessar lóðir, til útleigu eða eignar. Nýstofnað leigufélag gæti komið að þessum byggingum. Margir eldri borgarar búa einir í stóru einbýli, borga há fasteignagjöld og hafa mikið fyrir stórrí lóð. Það væri eflaust kærkomið fyrir marga að minnka við sig, komast í húsæði með litlu viðhaldi og lítilli lóð á einum besta útsýnisstað sem völ er á í heimi!

Umhverfismál



3.Framboðið

Fráveituframkvæmd á Höfn – átak í að laga götur og gangstéttir

Strax árið 2014 var farið af stað með fráveituframkvæmd í Nesjum og hönnun á Höfn. Til að gera langa og erfiða sögu stutta, þá erum við enn að hamast í þessu mikilvæga verkefni. Í haust mun hreinsivirkið í Óslandi rísa. Það kostar um 160 milljónir. Eftir stendur að tengja útrásina við Leiðarhöfða, við stofnrörin hjá Ásgarði. Sömu leiðis á eftir að snúa við öllu lagnakerfi á Leirusvæðinu og koma í sömu útrás. Á endanum á eftir að lagfæra lagnir og græja götur, frá Pakkhúsi og upp Hafnarbrautina, allt upp að pósthúsi. Þetta mun í leiðinni verða mikil bragarbót á mörgum illa förnum götum á þessum leiðum.



3. Framboðið

Göngu- og hjólaleiðir, göngubrú frá Lyngey yfir í Ægissíðu

Umhverfisnefnd gerði áætlun um lagningu göngustíga á þessu kjörtímabili. Hver metri af malbikuðum göngustíg kostar u.þ.b. 20 þúsund. Sem þýðir að einn kílómetri kostar 20 milljónir. Stigin voru skref, þó ekki væru nema ½ km bætt við sem nýlögn. Margir stígar fengu yfirhalningu og plön hafa verið gerð um göngu- og hjólastíg inn í Nes, ásamt stíg gegnum Lyngey og yfir í Ægissíðu.

Göngubrýr voru settar á Mýrajökla-gönguleiðina. Síðasta brúin sem var sett upp yfir Kolgrafardalsá kostaði 28 milljónir. Við viljum halda áfram með Jöklagönguleiðina í sveitarfélaginu til að laða að ferðamenn og heimamenn til útivistar. Næsta skref í því er að ræða við landeigendur, kanna vilja þeirra til að fá gönguleið inn á sínar landareignir. Þetta er verkefni sem mögulegt er að fá Vegagerðina til að taka þátt í að einhverjum hluta, sömuleiðis Framkvæmdarsjóði ferðamála og sambærilega sjóði.



3. Framboðið

Fylgjum eftir umhverfisstefnu og landnýtingu með sjálfbærni að leiðarljósi

Á kjörtímabilinu voru metnaðarfullar stefnur settar fram, umhverfisstefna og Loftlagsverkefni Landverndar og sveitarfélagsins. Báðar þessar stefnur gera ráð fyrir að sveitarfélagið stígi öflug skref í flokkun og umhirðu sorps, taki föstum tókum á allri mengun, t.d. mengun ökutækja. Mikilvægt er að fylgja þessu fast eftir. Næstu skref er að tryggja betri flokkun og þjónustu í sveitum, með því að setja upp flokkunarstöðvar eða „gerði“, þar sem íbúar og ferðamenn gætu gengið um í gegnum gönguhlið og flokkað vel. Fyrirmyndina að þessu er að finna víða í Uppsveitum Árnessýslu.

Landnýtingarstefnu vantar, hún tekur á ýmis konar landnýtingu, t.d. hvar sé best að koma við skógrækt, beit, efnistöku, o.s.frv. Þetta er málefni sem þarf að vinna vel og ígrundað, með langtímahagsmuni í huga.

Helstu áherslumál eru að:

- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda, með áherslu á samgöngur og vistakstur starfsmanna sveitarfélagsins
- Flokka endurnýtanleg efni og nýta lífrænan úrgang í þeim tilgangi að draga sem mest úr því sem fer til urðunar
- Fræða íbúa og starfsfólk um umhverfismál og innra umhverfisstarf sveitarfélagsins, allir verði hvattir til að stunda vistvænan lífstíl
- Unnar verði leiðbeiningar um umhverfisstarf innan stofnanna sveitarfélagsins sem miða að markmiðum loftlagsverkefnisins og mæla árangur





3.Framboðið

Eflum almennings­samgöngur og umferðaröryggi

Nýverið var samþykkt í bæjarstjórn umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins. Henni fylgja margskonar áætlanir um framkvæmdir, sem hafa það markmið að auka umferðaröryggi. Sem dæmi að lækka umferðarhraða í íbúðargötum niður í 30km/klst. ásamt því að færa þjóðveginn austur fyrir byggðina á Höfn, þannig að mesti umferðarþunginn komi inn á Sæbraut, en ekki beint við skólana og íþróttasvæðið.



3.Framboðið

Fjölskylduvæn græn svæði

Margt hefur nú verið rætt í þessu, eitthvað hefur verið gert (hoppubelgir - frisbiegolf), en betur má ef duga skal.

Nokkrir staðir hafa verið ræddir.

- Miðbæjarsvæði - þar er kominn hoppubelgur og talað er um að setja upp leikkastala, fjölskyldugrill, hreyfitæki.
- Nesjahverfi - leiksvæði, rólur o.fl. Rólurnar eru til en það á eftir að setja þær upp.
- Leiðarhöfði - útsýnispallur og skífa - bæta aðstöðuna og setja upp tröppur.
- Hofgarður – þar er kominn hoppubelgur og leiktæki
- Hrollaugsstaðir og Holt – þar þarf að huga að leikvelli og afþreyingu þegar byggð þéttist.



Jákvæðni
Kraftur
Metnaður